

Pegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunnar að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr, skal greitt sem hér segir:

1 × 63 A kr. 5 540,00, 3 × 63 A kr. 7 500,00.

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald, samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 370,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin eldri gjaldskrá sama efnis nr. 693 5. september 1983.

Lönaðarráðuneytið, 7. febrúar 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Grindavíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafveitu Grindavíkur.

2. gr.

RAFORKUGJÖLD.

B. Almennir taxtar.

B.1. Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Orkugjald 4,14 kr/kWh

Fast gjald 1 600,00 kr/ár

- B.2. Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:
Orkugjald 6,75 kr/kWh
Fast gjald 3 500,00 kr/ár
- C. Afltaxtar.
- C.1. Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:
Aflgjald 5 775,00 kr/kW/ár
Orkugjald 1,47 kr/kWh
Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.
- C.2. Verð á rafmagni til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:
Aflgjald 7 960,00 kr/kW/ár
Viðhaldsgjald 8 540,00 kr/kW/ár
Gjald samtals 16 500,00 kr/kW/ár
Lýsing þessi stýrist af stjórnþúnaði Rafveitunnar.
- D. Hitunartaxtar.
- D.1. Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:
Fast gjald 5 338,00 kr/ár
Orkugjald 2,91 kr/kWh
- D.2. Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:
Fast gjald 3 563,00 kr/ár
Orkugjald 1,24 kr/kWh
Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveim klukkustundum í hvort skipti.
- D.3. Verð á rafmagni til rofinnar næturhitunar:
Fast gjald 3 500,00 kr/ár
Orkugjald 0,65 kr/kWh
Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.

3. gr.

Mælaleiga.

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnþækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

	kr.
Orkumælir, einfasa	341,00
Orkumælir, þrífasa	1 363,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	2 300,00
Aflmælir	2 212,00
Aflmælir með straumspennum	3 463,00
Tvígjaldsorkumælir	2 212,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	3 462,00
Móttökuliði, einpóla	1 538,00
Móttökuliði, þrípóla	2 212,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

Heimtaugagjöld.

- 4.1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Grindavíkur. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.
- 4.2. Heimtaugar greinast í aðaltaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
- 4.3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld (kr.)	Málstraumur	Heimtaugagjöld (kr.)
63 A 1-fasa	25 125,00	315 A 3-fasa	139 500,00
63 A 3-fasa	27 875,00	400 A 3-fasa	177 125,00
100 A 3-fasa	44 250,00	710 A 3-fasa	314 375,00
200 A 3-fasa	88 500,00	1200 A 3-fasa	531 250,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

- 4.4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald (kr.)	Jarðstrengur kr/m	Lengdargjald Loftlína kr/stólpa
63 A 1-fasa	5 000,00	740,00	9 400,00
63 A 3-fasa	7 000,00	740,00	10 900,00
100 A 3-fasa	7 400,00	970,00	12 600,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstraumsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 4.5. Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 4.6. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafveitunnar.
- 4.7. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirra húsveitna, skal eiganda veitunnar skyld að leggja til lóð undir stöðina, Rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.
- 4.8. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að fráðregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

Ýmis ákvæði.

5. gr.

Heimilt er með samþykki bæjarráðs að selja háspennnt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

6. gr.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum taxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki.

7. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl. hjá notendum, ef úttekið launafl. nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafl. á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

8. gr.

Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma Rafveitunnar, og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 480,00.

9. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 900,00.

10. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 900,00 fyrir að settur sé straumur á að nýju.

11. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt D-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi Rafveitunnar.

12. gr.

Söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16%, samkvæmt lögum, er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í D-liðum og viðhaldsgjaldi götulýsingar.

13. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur Rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

14. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

15. gr.

Frá og með 1. maí 1985 verður hætt sölu á rafmagni samkvæmt gjaldskrárlið D-2.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1985, með vísun til auglýsingar ráðuneytisins nr. 492/1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 201, 25. apríl 1985.

Iðnaðarráðuneytið, 6. febrúar 1985.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.